

Varsjá 5. október 2016

Kæru alþingismenn;

Við viljum byrja á að þakka ykkur fyrir bréfið og þann samhug sem þið hafi sýnt pólskum konum vegna þeirra lagabreytinga sem nú eru til umræðu innan pólska þingsins.

Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að standa vörð um rétt pólskra kvenna og kom í veg fyrir að fóstureyðingar verði gerðar að refsiverðu athæfi í Póllandi. Við teljum bagalegt að ríkjandi meirihluti sé tilbúinn að stofna lífi pólskra kvenna í hættu og um leið hafa ófyrirsjáanleg áhrif á fjölskyldur þeirra. Sú vegferð sem ríkjandi meirihluti heldur nú í er eingöngu tilkomin til að efla pólitískan ávinning og gera fastheldnar trúarskoðanir að opinberri stefnu, án þess þó að hafa heimild til slíks. Okkar mat er að lögin séu að öllu leiti ómannúðleg og því er mikill styrkur að finna fyrir stuðningi ykkar.

Mánudagurinn 3. október bar yfirskriftina „hinn svarti mánudagur“ og veitti hinn íslenski kvennafrídagur okkur ómetanlegan innblástur. Allar konur innan hins pólska Modern flokks sameiðustu með þúsundum kvenna í sextíu bæjum og borgum víðsvegar í Póllandi sem höfðu lagt niður vinnu til að láta rödd sína heyrast. Við upplifðum sameiginlegan styrk, styrk til að hafa áhrif, styrk til að standa vörð um réttindi okkar og styrk til að mótmæla lagabreytingum gegn konum.

Von okkar er sú að bréfið frá ykkur verði hvati til að efla samstarf á milli íslenskra og pólskar þingmanna. Hinn íslenski kvennafrídagur var okkur innblástur, og teljum við að pólskt samfélag geti lært mikið af því íslenska, þá sérstaklega reynslu og þekkingu íslenskra kvenna þegar kemur að meðgöngu og fæðingu barns, fæðingar- og foreldraorlof, fjölskyldumynstri og kynjafræði.

Kær kveðja

Monika Rosa

Joanna Augustynowska
Kamila Gasiuk-Pihowicz
Ewa Lieder
Katarzyna Lubnauer
Joanna Schmidt
Adam Szłapka
Michał Stasiński
Krzysztof Truskolaski
Witold Zembaczyński

Sitjandi þingmenn hins pólska Modern flokks (Nowoczesna).